# Valgrein: Textílmennt 8.-10. bekkur

*Kennari:* Dóra Fjóla Guðmundsdóttir

*Tímafjöldi á viku:* 1 klst. yfir heila önn.

*Námsmat*: Símat, virkni og þátttaka í kenslustundum.

*Verkefnalýsing:* val er um að prjóna, hekla, vefa eða sauma.

*Markmið:* Að nemendur þjálfi sig í fjölbreyttum textíl aðferðum eins og að prjóna, hekla, sauma út, sauma á saumavél, vefa og fleira.

## Grunnþættir menntunar

| Grunnþáttur | Áhersluþættir grunnþátta menntunar |
|---|---|
| Læsi | Nemendur þjálfa sjónrænt og verklegt læsi með því að lesa og fylgja leiðbeiningum, túlka mynstur og tákn, sem styrkir skilning og tjáningu á fjölbreyttum miðlum. |
| Sjálfbærni | Nemendur læra að nýta efni á ábyrgðan hátt, endurnýta og huga að umhverfisvænum valkostum. Fjallað er um áhrif framleiðslu og neyslu á náttúru og samfélag. |
| Heilbrigði og velferð | Lögð er áhersla á jákvæða upplifun, þolinmæði og einbeitingu í skapandi vinnu, sem stuðlar að andlegri vellíðan og sjálfstrausti. Einnig er hugað að líkamsbeitingu og öryggi við vinnu. |
| Lýðræði og mannréttindi | Nemendur læra að vinna saman, tjá sig og virða skoðanir annarra. Þeir fá tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatöku varðandi eigin verkefni og vinnuaðferðir. |
| Jafnrétti | Allir nemendur fá jöfn tækifæri til þátttöku óháð kyni, uppruna eða hæfni. Fjallað er um hlutverk kynja í handverki og textíl í sögulegu og nútímalegu samhengi. |
| Sköpun | Nemendur fá tækifæri til að þróa eigin hugmyndir og útfæra þær með fjölbreyttum aðferðum og efniviði. Sköpunargleði og frumleiki eru í forgrunni. |